



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

349. mál, lagafrumvarp,

154. löggjafarþing 2023–2024.

Reykjanesbær, 22. nóvember 2023.

Tilvísun embættis nr. 202301-0017, mál nr. 47.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum nr. 16/1998

Athugasemdir embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Að mati lögreglustjórans á Suðurnesjum (LSS) er að finna jákvæðar og mikilvægar breytingar á núgildandi vopnalögum nr. 16/1998 í því frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi. Þá hefur frumvarpið að einhverju leyti tekið jákvæðum breytingum frá því að það var síðast lagt fram á 153. löggjafarþingi.

Það eru nokkur atriði í frumvarpinu sem LSS telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við.

Athugasemdir LSS lúta að nokkrum atriðum, þ.e. í fyrsta lagi að hugtakanotkun á vímuástandi sé samræmt og fært í nútímalegra horf, í öðru lagi að meðhöndlun m.a. sprengiefnis undir áhrifum geðvirkra efna/vímuástandi sé skýrlega bönnuð, í þriðja lagi að heimildir lögreglu til rannsóknaraðgerða sbr. 3. mgr. 21. gr. vopnalaga verði gerðar skýrar og afdráttarlausar, í fjórða lagi að tilkynningarskylda til lögreglu án tafar vegna þjófnaðar á sprengiefni verði lögboðin sbr. 2. mgr. 27. gr. b. núgildandi vopnalaga og fimmta lagi er gerð athugasemd við þá nálgun sem má sjá í frumvarpinu og varðar ábyrgð og hlutverk „lögreglustjóra“ en að mati LSS eru hagsmunir fólgirnir í því að ábyrgð hvers lögreglustjóra liggji fyrir af hendi löggjafans og sé skýrari en má sjá í frumvarpinu.

Athugasemdir LSS

I.

LSS telur að farsælt væri að breyta núgildandi 2. mgr. 21. gr. vopnalaga á þann veg að ákvæðið sé fært í nútímalegra og praktískara horf.

Núgildandi 2. mgr. 21. gr. vopnalaga orðast svo; „*Þeim sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuεjafa er óheimil meðferð skotvopns*“.

Að mati LSS er hugtakið „*vímuεjafi*“ ekki heppilegt hugtak en hafa verður í huga að brot á 2. mgr. 21. gr. vopnalaga er saknæm og refsiverð háttsemi. Ekki er að finna í lögnum eða frumvarpinu hvað átt sé við með hugtakinu „*vímuεjafi*“ en skiptar skoðanir eru um hvað almennt teljist að falla undir hugtakið „*vímuεjafi*“. Því er velt upp hvort ekki sé nauðsynlegt að skilgreina umrætt ástand sem ákvæðinu er ætlað ná yfir og á þann hátt að það sé engum vafa undirorpið um hvaða „*ástand*“ sé átt við.

Má nefna tvö dæmi úr öðrum lögum sem nærtækt væri að líta til.

- Í lögum um loftferðir nr. 80/2022 er notast við hugtakið „*geðvirk efni*“ sem er skilgreint í lögnum sem „*alkóhól, ópíumefni, kannabísefni, róandi lyf, svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, cfskyrjunarlyf og rokεjörn leysiεfni en undanskildu ke,fini og tóbaki*“.
- Í umferðarlögum nr. 77/2019 er kveðið á um að enginn megi aka ökutæki undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna og lyfja. Í lögnum eru ávana og fíkniefni skilgreind sem ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá gera



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

umferðarlögin ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð¹ um vanhæfismörk um hvenær ökumaður teljist óhæfur til aksturs vegna neyslu lyfja. Væri hægt að notast við sömu mörk í þessum lögum enda óhætt að fullyrða að aðili sem er ekki hæfur vegna ástands til að aka bifreið er óhæfur til að meðhöndla skotvopn, önnur vopn og sprengiefni.

II.

Í 2. mgr. 21. gr. vopnalaga kemur fram að meðhöndlun skotvopna undir áhrifum „*cfengis og eða annarra vímuejcafa*“ er óheimil. Slíkt bann er ekki tiltekið í lögnum varðandi meðferð og meðhöndlun sprengiefnis (IV. kafli vopnalaga), meðferð annarra vopna (V. kafli vopnalaga) og framleiðslu, verslun og meðferð skotelda (VI. kafli vopnalaga). LSS telur að farsælt væri nú þegar til stendur að breyta vopnalögum að slíkt ákvæði sé sett fram með sama hætti og á við um skotvopn.

III.

LSS telur ákjósanlegt að skýrar verði kveðið á um hverjar heimildir lögreglu eru skv. 3. mgr. 21. nágildandi vopnalaga. Í 3. mgr. 21. gr. vopnalaga kemur fram að ef ástæða er til að ætla að aðili sé undir „*áhr.fum cfengis eða annarra vímuejcafa*“ geti lögregla fært aðila til blóðrannsóknar og að aðila sé skylt að hlíta þeirri meðferð sem heilbrigðisstarfsmaður telur nauðsynlega. Blóðrannsókn fellur undir „líkamsrannsókn“ í skilningi laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Það er meginregla 2. mgr. 78. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (SML) að líkamsrannsókn skuli ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á.

Nágildandi vopnalög voru lögfest árið 1998 er lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 voru í gildi en á þeim tíma var lögreglu heimilt að framkvæma líkamsrannsókn án dómsúrskurðar ef brýn hætt var á að bið eftir úrskurði ylli sakarspjöllum, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir tilkomu 2. mgr. 78. gr. SML er ekki að finna tilvísun til brýnnar hættu á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

Brýnt er að hægt sé að framkvæma blóðsýnatöku úr einstaklingi sem grunur er um að hafi haft t.d. skotvopn og/eða sprengiefni undir höndum undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna eða lyfja. Eðli málsins samkvæmt varir umrætt „ástand“ einstaklinga tímabundið og brýnt að hægt sé að framkvæma blóðsýnatöku án tafar. Ef bíða þarf eftir fá málið tekið fyrir af dómstólum þar sem aðili neitar að veita blóðsýni er augljóst að lögvarðir hagsmunir eru fyrir bý þegar að úrskurður dómstólsins liggur fyrir.

Í athugasemdum við nágildandi umferðarlög nr. 77/2019 mat löggjafinn það svo ekki væri nauðsynlegt að leita úrskurðar dómara til blóðsýnatöku ef aðili hafnar samstarfi og að heimilt væri að taka blóð með valdi ef þess þyrfti sbr. 52. gr. umferðarlaga. Var það m.a. rökstutt með eftirfarandi hætti „... *enda hefur skilvirk refsivarsla grundvallarþýðingu við rannsókn og eftirlit lögreglu vegna ölvunaraksturs og aksturs undir áhr.fum ávana- og fíkniefna.*“. LSS veltir því upp hvort að umrætt mat og rökstuðningur löggjafans eigi ekki einnig við þegar grunur er um að aðilar séu að varsla t.d. skotvopn eða sprengiefni undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna eða lyfja.

Þá er óheppilegt orðalag í nágildandi 3. mgr. 21. gr. vopnalaga um að heilbrigðisstarfsmaður taki ákvörðun um þá meðferð sem aðila er skylt að hlíta. Má ráða af orðalagi að það sé heilbrigðisstarfsmaðurinn sem taki ákvarðanir um þær íþyngjandi ráðstafanir sem aðili þarf að sæta. Að mati LSS ætti sú ábyrgð að vera á herðum lögreglu en í framkvæmd er það síðan lækni, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur sem annast töku blóðsýnis að beiðni lögreglu líkt og í málum er varða akstur bifreiða undir áhrifum.

Þá væri ákjósanlegt að í vopnalögum væri ákvæði um að neiti einstaklingur sem er grunaður um að vera undir áhrifum að veita atbeina sína við rannsókn máls líkt og að veita blóðsýni sbr. 3. mgr. 21. gr.

¹ Það athugasast að umrædd reglugerð hefur ekki enn verið gefin út af Innviðarráðuneyti.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

vopnalaga skuli einstaklingur sviptur skotvopnaleyfi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga og hefur reynst vel, í raun svo vel að það heyrir til algerrar undantekningar að taka þurfi blóð með valdi.

LSS vekur athygli á því að í vopnalögum er hugtakið að vera „undir áhr.fum í fengis“ ekki skilgreint frekar og verður því að ætla að nóg sé að aðili sem mælist með áfengi í blóði sé undir „áhr.fum í fengis“ og hafi því gerst brotlegur við vopnalög, sama viðmið myndi þá gilda um ólögleg ávana- og fíkniefni.

IV.

Í nágildandi 2. mgr. 27. gr. b. vopnalaga kemur fram að skylt sé að tilkynna um hvarf eða þjófnað á sprengiefnum eða miklu magni af efnum til sprengigerðar til tengiliðar á landsvísu sem ákveðin er af ráðherra í reglugerð án þess að komi fram í ákvæðinu hvaða reglugerð það sé.

Í 43. gr. reglugerðar nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengigerðar kemur fram að lögreglan er þessi tengiliður. Að mati LSS er því velt upp nú þegar verið að breyta vopnalögum hvort ekki sé rétt og eðlilegt að það sé tiltekið afdráttarlaust í vopnalögum að þjófnaður eða hvarf á sprengiefni eða miklu magni af efnum til sprengigerðar beri ávallt að tilkynna til lögreglu án tafar, enda geta miklir hagsmunir verið fyrir hendi, t.d. hætta fyrir almenning sem getur jafnvel útheimt tafarlausar aðgerðir lögreglu og viðbragðsaðila.

Ekki ættu önnur sjónarmið að eiga við um sprengiefni en skotvopn en skv. 18. gr. frumvarpsins skal tilkynna til lögreglu svo fljótt sem verða má ef skotvopn týnist eða er stolið en sömu röksemdir hljóta að eiga við um týnt eða stolið sprengiefni.

V.

Embætti LSS telur að huga þurfi betur að hlutverki lögreglu afmarkað eftir embættum lögreglustjóra/ríkislögreglustjóra í heild sinni er varðar leyfisveitingar og afturköllun leyfa skv. vopnalögum. Hlutverk hvers lögreglustjóra og ábyrgð viðkomandi gæti verið skýrari en kemur fram í nágildandi lögum. Að mati LSS er lagaleg ábyrgð hvers og eins embættis óskilgreindari með því frumvarpi sem liggur fyrir.

Lögreglustjórum er falin rík ábyrgð með að taka stjórnvaldsákvarðanir um réttindi einstaklinga m.a. að veita, hafna og afturkalla leyfi byggt á vopnalögum. Þá er um mikla almannahagsmuni að ræða en meginregla vopnalaga er sú að vopn og sprengiefni eru bönnuð hér á landi.

Í nágildandi vopnalögum er það á ábyrgð lögreglustjóra í því umdæmi sem leyfisbeiðandi á lögheimili að taka stjórnvaldsákvörðun um t.d. skotvopnaleyfi (12. gr.), afturköllun vopnaleyfis (34. gr.) og leyfi til að kaupa og varsla sprengiefni (26. gr. og 27. gr.).

Í þessu frumvarpi er verið að breyta þessu fyrirkomulagi á þann hátt að ábyrgð á að veita, hafna eða afturkalla t.d. skotvopnavopnaleyfi einstaklings er komið fyrir hjá öllum lögreglustjórum landsins óháð búsetu einstaklings. Einnhverra hluta vegna er sami háttur ekki hafður á varðandi stjórnvaldsákvarðanir vegna kaupa, sölu og vörslu sprengiefna sem er áfram komið fyrir í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili. Ekki er að sjá sérstakan rökstuðning fyrir umræddri breytingu á vopnalögum eða hví greinarmunur sé gerður að þessu leyti á annars vegar leyfisveitingum varðandi skotvopnum og hins vegar varðandi sprengiefni.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt er kominn upp sú staða að einstaklingi sem hefur t.d. verið hafnað af ákveðnu embætti lögreglustjóra um leyfi skv. vopnalögum getur sótt um t.d. skotvopnaleyfi til hvers lögreglustjóra á fætur öðrum í von um að fá aðra og jákvæða niðurstöðu síns stjónsýslumáls. Í stað eins stjórnvalds sem ber að taka ákvörðun sem er svo kæránleg til ráðuneytis vopnamála eru komin tíu stjórnvöld (lögregluumdæmin níu ásamt ríkislögreglustjóra) sem geta þurft að taka mál sama einstaklings til meðferðar í samræmi við stjónsýslulög nr. 37/1993.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt getur að sama skapi hver og einn lögreglustjóri tekið upp mál að sínu frumkvæði er varðar skotvopnaleyfi eða afturköllun skotvopnaleyfis einstaklings hvar sem er á landinu. Það hlýtur að vera umhugsunarvert að frumvarpið sé þannig uppsett að t.d. lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi heimild til að veita einstaklingi búsettum á Austurlandi skotvopnaleyfi sem



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Lögreglustjórinn á Austurlandi hafði áður hafnað. Með sama hætti gæti t.d. lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum af eigin frumkvæði afturkallað skotvopnaleyfi einstaklings sem er búsettur á Akureyri í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. LSS veltir því upp hvort að hagsmunum málaflokksins væri betur borgið með að löggjafinn mynda kveða á um það áfram með skýrum hætti að það umdæmi lögreglustjóra þar sem einstaklingur á lögheimili veiti, hafni eða eftir atvikum afturkalli skotvopnaleyfi viðkomandi. Með því móti væri engum vafa undirorpið af hendi löggjafans hvar ábyrgðin liggur í þessum mikilvæga málaflokki. Ef það er ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið útfæri nánar í framtíðinni að ákveðinn embætti lögreglustjóra taki þessar stjórnvaldsákvæðanir að þá hlýtur að vera eðlilegt að það komi beint fram í vopnalögum og ætti þá slíkt ákvæði að vera í frumvarpinu, þ.e. sé það vilji löggjafans.

Að mati LSS eru það málaflokknum fyrir bestu að hver lögreglustjóri taki ákvörðun um almenna veitingu og afturköllun skotvopnaleyfa einstaklinga sem búsettir eru í umdæmi lögreglustjóra. Slíkt stuðli að skýrri ábyrgð hvers lögreglustjóra sem ber á sama tíma ábyrgð á að hafa eftirlit með öllum þeim aðilum sem hafa skotvopnaleyfi í umdæminu og öllum þeim vopnum sem eru vörsluð í umdæmi lögreglustjóra. Þá stuðlar slíkt fyrirkomulag að skilvirkni í stjórnsýslunni þar sem ábyrgð hvers lögreglustjóra er skýr.

Frumvarpið skortir rökstuðning og forsendur þeirra breytinga sem koma fram að þessu leyti og lýst er hér í lið V.

Embætti LSS lýsir að öðru leyti ánægju sinni með að frumvarpið sé komið fram en vísar í athugasemdir sínar að öðru leyti.

f.h.l.

Oli A. H.